



**Lokaritgerð til BA-gráðu í  
stjórnmálafræði**

**Konur, klækir og Krúnuleikar**

Úlfhildur Helgadóttir

**Október 2018**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
STJÓRN MÁLAFRÆÐI DEILD

# **Konur, klækir og Krúnuleikar**

Úlfhildur Helgadóttir

Lokaritgerð til BA-gráðu í stjórn málafræði

Leiðbeinandi: Silja Bára Ómarsdóttir

Stjórn málafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Október 2018

Konur, klækir og Krúnuleikar

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði.  
Óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Úlfhildur Helgadóttir, 2018  
kt. 170293-2159

Reykjavík, Ísland, 2018

## Útdráttur

*Game of Thrones* telst vera vinsælasta sjónvarpsþáttaröð sem litið hefur dagsins ljós. Þættirnir eru forvitnilegir í fræðilegu samhengi og mikið hefur fjallað um þá af fræðimönnum víða um heim. Sterkar kvenpersónur eru eitt af því sem einkennir þættina og mætti segja að þeir skeri sig nokkuð úr hvað það varðar. Í þessari ritgerð verður sagt frá átta atkvæðamiklum kvenpersónum í *Game of Thrones* og þær mátaðar við ýmis hugtök. Fyrst verða þær skoðaðar út frá kynjafræðinni þar sem þær eru m.a. greindar út frá hugtökunum mengandi og styðjandi kvenleiki. Því næst verða nokkrar þeirra skoðaðar út frá makkíavellísku sjónarhorni og þær mátaðar við hugmyndir Machiavellis um hvernig eigi að ná og halda völdum. Að lokum verður rætt um hugsanleg áhrif sjónvarpsþáttaraða á skoðanir og heimsmynd fólks og þá sérstaklega hvernig *Game of Thrones* kann að hafa eftt kvennabaráttuna sem er á miklu flugi um þessar mundir.

## **Formáli**

Ritgerð þessi er lokaverkefni mitt til BA-prófs í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Ritgerðin er metin til 12 eininga (ECTS) af 180 eininga námi og var hún skrifuð sumarið 2018 vegna brautskráningar í október sama ár. Leiðbeindandi var Silja Bára Ómarsdóttir. Ég vil þakka Brynjari Frey vini mínum fyrir að hvetja mig áfram og taka stöðuna á hverjum degi á lokasprettinum. Einnig vil ég þakka Anastasíu vinkonu minni fyrir að vekja mig á morgnana og draga mig með sér upp í skóla til að skrifa. Mestar þakkir á þó skilið móðir mín, Katrín Axelsdóttir, fyrir ómetanlegan stuðning og hjálp við ritgerðina.

# Efnisyfirlit

<b>Útdráttur</b> .....	<b>3</b>
<b>Formáli</b> .....	<b>4</b>
<b>Efnisyfirlit</b> .....	<b>5</b>
<b>1 Inngangur</b> .....	<b>6</b>
<b>2 Hugtök og nálganir</b> .....	<b>9</b>
2.1 Kvenna- og kynjafræði .....	9
2.2 Að komast til valda.....	11
2.3 Pólítísk áhrif dægurmenningar .....	12
<b>3 Nánar um efniviðinn</b> .....	<b>15</b>
<b>4 Nokkrir kvenskörungur <i>Game of Thrones</i></b> .....	<b>18</b>
4.1 Arya Stark .....	18
4.2 Sansa Stark.....	19
4.3 Cersei Lannister.....	19
4.4 Daenerys Targaryen.....	20
4.5 Brienne af Tarth .....	20
4.6 Lafði Olenna Tyrell .....	20
4.7 Yara Greyjoy .....	21
4.8 Lafði Lyanna Mormont.....	21
<b>5 Umræður</b> .....	<b>23</b>
5.1 Kvenréttindi, Bechdel-prófið, mengandi/styðjandi kvenleiki.....	23
5.2 Makkíavellískar kvenpersónur .....	25
5.3 Hugsanleg áhrif .....	28
<b>6 Lokaorð</b> .....	<b>31</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>32</b>

## 1 Inngangur

Ævintýrabálgurinn *Game of Thrones* (eða *Krúnuleikar* eins og hann nefur verið nefndur á íslensku) eftir bandaríska rithöfundinn George R.R. Martin hefur notið gífurlegra vinsælda um allan heim á undanförunum árum. Fyrsta bókin í flokknunum kom út árið 1996 og síðan þá hafa komið út fjórar bækur til viðbótar. Þær hafa verið þýddar á fjöldamörg tungumál og setið ofarlega á metsölulistum víða um heim. Bandaríska sjónvarpsstöðin HBO stökk á þessar vinsældir og kvikmyndaði bálginn en fyrsta þáttaröðin byggð á honum var sýnd árið 2011. Í kjölfarið náðu vinsældir *Game of Thrones* hærri hæðum en þættirnir eru þeir vinsælustu í sögu HBO, og reyndar gervallrar sjónvarpssögunnar (sbr. Koch 2018, 129), og hafa sópað að sér fjölda verðlauna. Til marks um vinsældirnar eru ekki aðeins bóksölutölur og áhorfsmælingar heldur einnig aragrúi blogg síðna og spjallþráða aðdáenda þar sem nýjustu vendingar eru ræddar og spáð fyrir um framhaldið; það er nefnilega ekki enn komið að endalokunum, hvorki í bókum né þáttum, þótt farið sé að hilla undir þau. Þá eru ótaldir fjölmargir hlaðvarpsþættir sem eru tileinkaðir *Game of Thrones*.

En það er ekki aðeins hjá hinum almenna neytanda sjónvarpsefnis og ævintýrareyfara sem *Game of Thrones* nýtur vinsælda. Fræðimenn úr ýmsum greinum hafa látið sig málið varða. Auk bókmenntafræðinga má nefna miðaldafræðinga, fornfræðinga, sagnfræðinga, heimspekinga og stjórnmálafræðinga. Haustið 2017, í tilefni af lokum sjöundu þáttaraðar HBO, var haldin við University of Hertfordshire tveggja daga alþjóðleg ráðstefna (*University of Hertfordshire* 2017). Þremur árum fyrr var haldin við Ohio State University ráðstefna um efni sem tengjast bálginum, bæði bókum og þáttum, undir yfirskriftinni „Popular Culture and the Deep Past“ (*Center for Medieval and Renaissance Studies* 2014). Nýverið sendi miðaldafræðingurinn Carolyne Larrington (2016) frá sér bókina *Winter is coming* þar sem hún ræðir um líkindi og fyrirmyndir *Game of Thrones* í heimi miðalda, þar á meðal norrænum miðaldabókmenntum. Í greinasafninu *Game of Thrones and Philosophy* (2012) er að finna tuttugu greinar eftir jafnmarga höfunda um bálginn út frá sjónarhóli heimspeki og stjórnmála. Þeir sem vinna við að greina fréttir og atburði líðandi stundar hafa líka beint sjónum að því sem er að gerast í pólitíkinni í *Game of Thrones*. Þar má nefna stjórnmálaskýrandann Zack Beauchamp sem fjallar alla jafna um alþjóðastjórnmál og hugmyndafræði hjá fréttaskýringasíðunni *Vox.com* (sjá t.d. Beauchamp 2017). Einnig má nefna hugveituna Cato Institute sem efndi til pallborðsumræðna fræði- og fjölmiðlamanna 28. ágúst 2017, daginn eftir að lokapáttur nýjustu þáttaraðinnar hafði farið í loftið. Í lýsingu á viðburðinum segir: „The world of *Game of Thrones* is teeming with fascinating interactions

between institutions, incentives, and power that creates a sweeping geopolitical mega-saga just begging to be theorized.“ (*Cato Institute* 2017). Í nýrri umfjöllun um *Game of Thrones* frá sjónarhóli stjórnmálafræði bendir Koch (2018, 129) á að söguheiminn megi skoða sem meira en bara fantasíu; þættina megi einnig líta á sem heimild um pólitíska undirvitund. Hann gengur út frá því að dægurmenningu megi skoða sem fyrirbæri sem fjalli um flókin vandamál samtímans á táknrænan hátt.

Hinar miklu vinsældir *Game of Thrones* eru athyglisverðar og þá ekki síður hin breiða skírskotun sem bálkurinn hefur. Ein ástæða vinsældanna gæti verið sú að við sjáum hér margt kunnuglegt, hvort sem litið er til mannkynssögunnar eða atburða líðandi stundar. Oft er t.d. bent á líkindi *Game of Thrones* við hin svokölluðu Rósastríð í Englandi á 15. öld (sjá t.d. Larrington 2016, 2, 30). Sameining margra smærri konungsríkja undir eitt vald (í *Game of Thrones* hafa sjö konungsríki sameinast í eitt) er kunnuglegt stef og það sama má segja um trúskipti (í *Game of Thrones* taka ein fjölgyðistrúarbrögð við af öðrum, og ný eingyðistrúarbrögð eru á talsverðri siglingu). Múrin sem reistur hefur verið milli hins þekkta, byggilega heims á eyjunni (eða meginlandinu) Westeros og hins óþekkta þar fyrir norðan vekur hugrenningatengsl við ýmsa múra, bæði raunverulega og óáþreifanlega, sem reistir hafa verið til að halda óæskilegu fólki frá.

Koch (2018, 129, 132) veltir upp ýmsu sem varpað gæti ljósi á vinsældir þáttaraðarinnar. Eitt af því er hvernig hinu þekkta er blandað saman við hið exótíska í heimi frásagnarinnar, sem rímar við það sem sagt var að ofan. Hinn þunglyndislegi undirtónn verksins eigi enn fremur greiða leið að tilfinningalífi nútímamannsins í hinum vestræna heimi. Þótt *Game of Thrones* eigi sér stað í heimi sem minni að mörgu leyti á miðaldir sé nútíminn ávarpaður í verkinu, þ.e. hinn sameiginlegi hugarheimur þar sem saman koma væntingar manna, skoðanir og ótti. Koch nefnir líka fagurfræðina í framleiðslunni sem ljær þáttaröðinni sérstakan stíl og það að sagan teygir sig yfir í fleiri miðla, hún er það sem kallast „transmedial“.<sup>1</sup> Loks bendir hann á að þáttaröðin sé annað og meira en dæmigerð unglingsþáttaröð, höfundum takist, m.a. með því að beita raunsæislegri sviðsetningu, að höfða til fullorðinna áhorfenda, ekki síst hins vel stæða markhóps HBO-stöðvarinnar.

Þegar hugað er að ástæðum vinsældanna er einnig vert að velta fyrir sér hvernig verkið sker sig helst frá öðrum innan þessarar bókmenntagrein. Í fyrsta lagi er hér ekki um

---

<sup>1</sup> Sjá t.d. Klastrup og Tosca 2014 og Tosca og Klastrup 2016. Með „transmedial“ er t.d. átt við þegar tölvuleikir byggjast á sögum og það þegar brot úr þáttum eru birt á YouTube og deilendur myndskaiðanna vekja upp umræður um þau. Aðdáendur endurupplifa þannig þætti og endurvekja þær tilfinningar sem þátturinn framkallaði hjá þeim.



einfalda baráttu góðs og ills þar sem hið góða sigrar að lokum. Aðalpersónur, bæði góðar og illar, hverfa af sjónarsviðinu með reglulegu millibili, oft með voveiflegum hætti, gjarna undir lok hverrar bókar eða þáttaraðar. Stundum eru þetta persónur sem lesandinn/áhorfandinn hefur tekið ástfóstri við eða „haldið með“ um langa hríð. Að þessu leyti endurspeglar *Game of Thrones* lífið sjálft – það er ekki alltaf sanngjarnt. Í öðru lagi eru margar persónurnar flóknar, þ.e. hvorki alvondar né algóðar, og sumar þeirra þróast greinilega með tímanum (mýkjast eða herðast). Persónugalleríinu svipar þannig heldur meira til lifandi fólks en gengur og gerist í ævintýrum. Í þriðja lagi er óvenjulega mikið um flóknar fléttur, klækjabrögð og refsákir; pólitík og valdabrölt af einhverju tagi gegnsýra allt verkið og í raun ekki að undra að *Game of Thrones* hafi notið hylli meðal margra sem fjalla um raunveruleg stjórnsmál. Í fjórða lagi er í *Game of Thrones* óvenjumikið um viljasterkar og atkvæðamiklar kvenpersónur. Í Hringadróttinssögu, svo að eitt nærtækt dæmi sé tekið, fer lítið fyrir konum. Þær fáu sem koma þar fyrir hafa heldur litlu hlutverki að gegna, þær eru meira eins og til skrauts og hverfa fljótt úr sögunni aftur. Í norrænum bókmenntaarfi (sem *Game of Thrones* sækir sannarlega eitt og annað til, sbr. Larrington 2016) er hins vegar talsvert um kvenskörungur, t.d. í Íslendingasögum. En þótt þeir séu margir og vel sýnilegir er hlutverk þeirra frekar takmarkað. Fæstar þessara kvenna ráða nokkru í raun; hlutverk þeirra er einkum að knýja atburðarásina áfram, oft með því að bera slúður á milli eða eggja karlmenn til mannvíga. Meykóngarnir sem lesa má um í fornaldarsögum Norðurlanda ráða vissulega yfir mannskap og stjórna löndum. En um leið og þær hitta fyrir heppilegan maka er eins og þær hafi hamskipti og einbeiti sér að kvenlegum dyggðum (Jóhanna Katrín Friðriksdóttir 2013, 109).

Í þessari ritgerð verður sjónum beint að nokkrum atkvæðamiklum kvenpersónum í *Game of Thrones* og reynt að greina vægi þeirra, stjórnunarhætti og áhrif með hjálp ýmissa hugtaka félagsvísindanna. Auk þess verður dregið fram ýmislegt sem sagt hefur verið um efnið sjálft og um þáttaraðir almennt.

Efnisskipan er þessi: Í 2. kafla verður sagt frá þeim nálgunum sem verður beitt og nokkrum hugtökum. Í 3. kafla verður sagt nánar frá efniviðnum, bókunum og þáttaröðinni, og fjallað um afmörkun efnis. Í 4. kafla verður greint frá nokkrum völdum kvenpersónum þáttanna. Í 5. kafla verða svo rætt nánar um konurnar í ljósi hugtaka og nálgana sem kynntar voru í 2. kafla.

## 2 Hugtök og nálganir

Til að hægt sé að rýna í efnið til hins ýtrasta þarf að skoða nokkur hugtök og kafa í ýmsar kenningar. Þar sem viðfangsefnið eru konur liggur beint við að byrja á því að segja örlítið frá kvenna- og kynjafræði og útskýra nokkur hugtök sem beitt verður á viðfangsefnið. Því næst verður rætt um hugmyndir ítalska heimspekingsins Niccolò Machiavellis um hvernig á að ná völdum og loks verður fjallað um hvernig dægurmenning er talin geta haft áhrif á heimsmynd og hugsunarhátt.

### 2.1 Kvenna- og kynjafræði

Kynjafræði (e. *gender studies*) er fræðasvið sem er nýrra af nálinni en flest önnur. Fræðasviðið á rætur í því sem kallað var kvennafræði en áherslur hafa breyst og orðnotkunin með; kvennafræðin á sér þó nokkurra áratuga sögu og enn lengri forsögu (sbr. Þorgerði Einarsdóttir 2004, 211). En kynjafræðin er miklu meira en kvennafræðin ein, innan hennar rúmast einnig karlafræði og hinseginfræði en kynjafræði er yfirleitt ekki skilgreind sem fræðigrein heldur þverfaglegt fræðasvið (Þorgerður Einarsdóttir 2004, 212). Kynjafræði snýst ekki aðeins um rannsóknir á körlum og konum (sem einstaklingum eða hópum, gagnkynhneigðum eða ekki) heldur einnig um kyn í víðari skilningi; með hugtakinu kyn er ekki aðeins átt við kyn í líffræðilegri eða félagslegri merkingu heldur er einnig litið til þess hvernig kyn tákngerir valdamun og virðingarröð (Þorgerður Einarsdóttir 2004, 212). Kynjafræðin gengur út frá því að kyn sé grundvallarþáttur mannlegrar tilveru. Öll nútímasamfélög aðgreina kyn og getur það leitt af sér misjafna stöðu og tækifæri. Kynjafræðin leitast því eftir að skýra samfélagið með tilliti til kyns, en ekki er hægt að öðlast fullnægjandi skilning á samfélaginu ef kyn er ekki haft með í myndinni. Kynjafræðin gengur einnig út frá því að þátttaka allra kynja sé nauðsynleg til að fullu jafnrétti verði náð (Þorgerður Einarsdóttir 2004, 212–213).

Í daglegu tali er vísað til femínisma sem þeirrar stefnu sem fólk aðhyllist sem berst fyrir jafnrétti kynjanna. En femínismi er ekki bara barátta heldur einnig fræði og á milli þessa tvenns er oft vissulega samspil. Hið kvennafræðilega innan kynjafræði er fræðilegur femínismi. Fræðilegur femínismi á sér margar hliðar, hann er stundaður innan margra fræðigreina (s.s. heimspeki og bókmenntafræði) og innan hans þrífast mörg sjónarhorn og stefnur. Frjálslyndur, marxískur og róttækur femínismi eru dæmi um slíkar stefnur. Róttækur femínismi lítur svo á að konur séu undirokaðar á grundvelli kynferðis síns, þær séu í þjóðfélaginu undir oki þess sem kallað er karlveldi eða feðraveldi (Þorgerður Einarsdóttir 2004, 219–220). Feðraveldi byggist á því að samfélagið sé karllægt og konur skipi lægri sess

en karlar í stigveldinu. Femínistar líta á feðraveldið sem leið karla til að kúga konur og halda þeim niðri. Feðraveldið getur komið fram í hinum ýmsu myndum innan samfélagsins, t.a.m. ýtt undir launamun kynjanna, viðhaldið kynbundnu ofbeldi og fælt konur frá valdastöðum.

Mótunarhyggja er hugmyndafræði sem varð fljótt vinsæl innan femínismans á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar. Hugmyndin snýst um að kyn sé félagslega mótað en ekki meðfætt eins og eðlishyggjan gerir ráð fyrir. Ganga mótunarhyggjusinnar út frá því að samfélagið planti ákveðnum stöðlum um persónueinkenni sem fólki beri svo að fara eftir. Staðlarnir séu mismunandi eftir kynjum og ýti það undir kynjamisrétti þar sem væntingar til kynjanna eru mismunandi. Dæmi um væntingar samfélagsins er að karlar eigi að vera ákveðnir og stjórnsamir en konur ljúfar og undirgefnar. Staðlarnir snúast einnig um kynjahlutverk eða hefðbundna verkaskiptingu kynjanna. Gert er ráð fyrir því að konur sækji í svokölluð „kvennastörf“ sem eru t.d. skrifstofu- og umönnunarstörf en karlar sækji í „karlastörf“ sem eru t.d. stjórnunarstörf eða iðnstörf (sjá t.d. Þorgerði Þorvaldsdóttur 2000). Auðvelt sé að mismuna á grundvelli kyns og réttlæta mismuninn með því að halda því fram að eitthvað henti aðeins körlum en ekki konum. Mótunarhyggjan gerir því greinarmun á líffræðilegu og félagsfræðilegu kyni og hafa orðin kyngervi (e. *gender*) og kyn (e. *sex*) verið notuð til að greina þar á milli. Kyngervi er þá hin félagslega merking sem lögð er í hið líffræðilega kyn.<sup>2</sup>

Mengandi og styðjandi kvenleiki eru kynjafræðileg hugtök sem eiga skylt við hugtakið kyngervi. Ráðandi karlmennska (e. *hegemonic masculinity*) og styðjandi kvenleiki (e. *emphasized femininity*) eru tengd hugtök sem kallast á. Þau lýsa því hvernig samfélagið sér karlmennsku og kvenleika, þ.e. að karlmennskan sé ofar kvenleikanum í stigveldinu. Hlutverk kvenna sé að styðja við karlana og karlmennskuhugmyndir þar sem þær hafa minni völd innan samfélagsins, hvort sem þau eru félagsleg eða efnahagsleg. Styðjandi kvenleiki ýtir því undir misskiptingu valds sem ríkir á milli karla og kvenna og viðheldur þeim gjörðum sem styrkja yfirráð karla yfir konum. Hlýðni (e. *compliance*) er lykilatriði í styðjandi kvenleika, persónuleg tengsl karla og kvenna eru mótuð af hlýðninni sem styður við feðraveldið og fyrir fram ákveðin kynjahlutverk samfélagsins (Gyða Margrét Pétursdóttir 2012, 6–7).

Andstæða þessara hugtaka er mengandi kvenleiki (e. *pariah femininity*). Mengandi kvenleiki er nátengdur femínisma og gengur í raun út á það að konur brjóti í bága við þær

---

<sup>2</sup> Íslenska orðið *kyn* getur þó átt bæði við *sex* og *gender* og sumir nota orðið um bæði hugtökin, sbr. hugtakalista Ástu Kristínar Benediktsdóttur (án ártals) um hinsegin bókmenntir, og skilgreiningar á vefnum *Hinsegin frá A til Ö*.

rikjandi hugmyndir samfélagsins um karlmennsku og kvenleika og rísi gegn feðraveldinu. Mengandi kvenleiki lýsir sér þannig að myndugleiki (e. *authority*) komi í stað hlýðninnar sem ríkir í þeim styðjandi og sé því óhlýðinn (Gyða Margrét Pétursdóttir 2012, 8).

Í *Game of Thrones* er dregin upp skýr mynd af feðraveldinu og er það vel við lýði í Westeros, meginsögusviði bálksins. Kvenpersónur bálksins eru margar hverjar kúgaðar af körlunum í kringum sig, t.d. beittar grófu kynbundnu ofbeldi, haldið frá valdastöðum og jafnvel neyddar í hjónabönd fyrir pólitískan ávinning feðra sinna eða bræðra. Þrátt fyrir það eru margar kvenpersónur sem láta ekki segjast og rísa gegn feðraveldinu á hátt sem sjaldséður er í sjónvarpi. Í áráðir hefur fólk rýnt í kynhlutverk þegar kemur að kvikmyndum og velt fyrir sér þeirri misjöfnu stöðu kynjanna sem birtist á skjánum. Konur eru oft málaðar upp sem undirgefnar og háðar körlum. Á undanförunum árum hefur orðið ákveðin vitundarvakning um þessi mál og má t.a.m. rekja hana til Bechdels-prófsins fræga sem kom fram á sjónarsviðið árið 1985. Prófinu, sem er hugarsmíð skopmyndateiknarans Alison Bechdel, er ætlað að athuga hvort kvikmynd sé femínísk. Það er gert með því að svara þrem spurningum: a) eru að minnsta kosti tvær konur í myndinni? b) eiga þær samræður sín á milli? c) eru þessar samræður um eitthvað annað en karla? Ef kvikmynd stenst alla þessa þætti stenst hún Bechdel-prófið og er talin vera femínísk (*Bechdel.com*).

## 2.2 Að komast til valda

Í þessari ritgerð verður ekki aðeins fjallað um konur og fræðin sem beina sjónum að þeim heldur verður einnig talað um valdatafl og klæki. Í því sambandi er nærtækt að líta til Niccolò Machiavelli (1469–1527). Hann var ítalskur heimspekingur og stjórnmalamaður og er hvað þekktastur fyrir stjórnálafræðikenningar sem hann setti fram í riti sínu *Furstanum*. *Furstinn* er eins konar handbók um það hvernig skuli ná völdum og hvers konar klækjum sé best að beita til að hámarka þau (Machiavelli 1987).

*Virtù* og *fortuna* eru hugtök sem koma oft fram í *Furstanum*. Hugtökin lýsa þeim eiginleikum sem samkvæmt Machiavelli er nauðsynlegt að búa yfir til að ná sem mestum völdum. Í íslensku þýðingunni á *Furstanum* hafa hugtökin ýmist verið þýdd sem manndáð eða eigin rammleikur (ít. *virtù*) og gæfa (ít. *fortuna*). *Virtù*, eins og orðið gæti gefið til kynna, er ekki það sama og dyggð (e. *virtue*) heldur lýsir hugtakið þeirri hæfni sem nauðsynleg þykir til öðlast völd og viðhalda þeim. Þeir sem hafa *virtù* geta verið heiðarlegir og tryggir, eins og dyggum manneskjum er tamt, en aðeins þegar það nýtist þeim í valdabaráttunni. Aðstæður stjórna því hvernig þessari hæfni er beitt en getur hún komið fram í ýmsum myndum, s.s.

hugrekkinu sem þarf til að þeysa fram vígvöllinn eða kænskunni sem þarf til að skipuleggja árásina (Schulzke 2012, 33).

Öfugt við *virtù* er *fortuna* eitthvað ófyrirsjáanlegt sem ekki er hægt að stjórna. Hugtakið lýtur að örlögum eða heppni, þ.e. að utanaðkomandi áhrifum, góðum eða slæmum, sem gætu haft áhrif á valdabaráttuna. *Fortuna* er tilviljanakennt fyrirbæri og gæti verið t.d. náttúruhamfarir eða viðbrögð annarra. Mikilvægt er að gera ekki ráð fyrir góðu *fortuna* og enn fremur er ráðlagt að gera viðeigandi varúðarráðstafanir gegn slæmu *fortuna* og geta verið fljót/ur að aðlagast nýjum aðstæðum. Machiavelli telur að gott samspil milli *virtù* og *fortuna* sé lykillinn að velgengni. Að sama skapi er langbest að vera bæði elskaður og vekja ótta. Machiavelli heldur því fram að grimmd sé oft óumflýjanleg en þess þurfi að gæta að hún skapi manni ekki of marga óvini. Aðeins eigi að beita grimmd ef nauðsyn krefur en varast skal að gera um of þar sem það getur leitt til haturs og hatur getur hvatt óvini til aðgerða. Það er því mikilvægur þáttur *virtù* að vita hvenær skuli beita grimmd (Machiavelli 1987, 78-80).

Í *Game of Thrones* er Eddard Stark gott dæmi um þetta síðasta, hann á erfitt með að beita grimmd þar sem hann er mjög heiðarlegur maður. Heiðarleikinn verður honum síðan að bana þegar hann upplýsir Cersei drottningu og Petyr „Littlefinger“ Baelish um vitneskju sína um raunverulegan föður Joffrey Baratheon, sonar Cersei. (Schulzke 2012, 39–41). Machiavelli varar einnig við því að verða of háður öðrum, sérstaklega hvað heraflla varðar. Forðast eigi að fá lánaðan heraflla frá valdameiri einstaklingum, betra sé að reiða á sinn eigin þótt hann sé minni í sniðum. Í *Game of Thrones* er mikið um að fólk reiði á heraflla annarra og bandalög skapist milli fjölskyldna, oftar en ekki eru þau tryggð með því að gifta tvo einstaklinga úr sitthvorri fjölskyldunni (Schulzke 2012, 42). Dæmi um þetta er þegar Viserys Targaryen neyðir systur sína í hjónaband með höfðingja Dothraki-ættbálksins, eingöngu til að nýta sér heraflla hans. Hann verður því upp á Dothraki-ættbálkinn kominn og endar það með því að þeir myrða hann (Schulzke 2012, 37).

### 2.3 Pólitísk áhrif dægurmenningar

Sjónvarpsþáttaraðir, kvikmyndir, tónlist, bókmenntir og íþróttir eru fyrirbæri sem öll flokkast undir dægurmenningu. Heimsmynd okkar og hugsunarháttur stýrist gjarna af slíku afþreyingarefni og á það til að skapa umræðu innan samfélagsins. Sjónvarp skapar kjörið tækifæri fyrir leikstjóra og handritshöfunda til að taka á ýmiss konar málefnum, mörgum hverjum pólitískum, og veita áhorfendum tækifæri til að mynda sér skoðanir á þeim. Sjónvarpsþáttaröð getur t.d. vakið upp umræður um kynjabaráttu, trúarbrögð, mismunun og

kynþáttasjálfsmynd (e. *racial identity*) svo eitthvað sé nefnt (Goren 2016, 482–483). Dægurmenning og stjórnámál eiga því talsverða samleið.

Hugtakið mjúkt vald (e. *soft power*) kemur úr smiðju stjórnmálafræðingsins Joseph S. Nye. Í stuttu máli snýst vald um þá getu að hafa áhrif á hegðun annarra. Margar leiðir eru til að ná því markmiði, t.d. með því að ógna eða múta en einnig eru hófstílltari leiðir (Nye 2004, 2). Þar kemur mjúkt vald til sögunnar en ólíkt hörðu valdi (e. *hard power*) gengur það út á að hafa áhrif á hegðun annarra með því að móta skoðanir þeirra og fá þá til að fara eftir tilteknum gildum í stað þess að notast við þvingun (Nye 2004, 5–6). Mjúkt vald getur komið fram á ýmsan hátt. Mjúku valdi ríkja er hægt að skipta niður í þrjú svið: menningu, pólitísk gildi og utanríkisstefnu. Gott dæmi um mjúkt vald er hversu mikillar hylli Bandaríkin hafa notið og hve miklar vinsældir þeirra eru. Bandaríkin hafa yfir miklu mjúku valdi að ráða og má rekja það til Hollywood og þess gríðarlega magns sjónvarpsefnis sem kemur þaðan. Bandaríkin hafa þannig orðið að spennandi í augum margra en t.d. flykkist þangað fólk frá öllum heimshornum til að festa þar rætur, hvort sem það er fólk í leit að ameríska draumnum eða nemendur sem vilja stunda nám við bandarískan háskóla (Nye 2012, 8).

Kvikmyndir og sjónvarpsþættir geta óumdeilanlega haft áhrif á fólk. Stundum eru slíkir áhrif harla augljós, eins og þegar sala á sérstökum færeyskum lopapeysum rauk upp í kjölfar dönsku glæpaþáttaraðarinnar *Glæpurinn (Forbrydelsen)* en aðalpersóna þeirra þátta klæddist iðulega slíkum peysum í fyrstu þáttaröðinni. Ýmsar breytingar á hegðun og framkomu, t.d. hvernig daðrað er, haldið er á sigarettu eða skálað, hefur verið rakið til áhrifa kvikmynda og sjónvarps (sjá Arenhövel 2018, 14 og rit sem þar er vísað til).

Þegar kemur að því að greina áhrif dægunefnis á hugsunarhátt, skoðanir og hugmyndafræði vandast málið. Þótt sjá megi fylgni þá þýðir það ekki endilega að um orsakasamband sé að ræða. Núverandi Bandaríkjaforseta er tíðrætt um nauðsyn þess að reisa múr við landamærin að Mexíkó. Bent hefur verið á að múrar í dægunefni á borð við *Game of Thrones*, *Colony* og *Trepalium* kunni að hafa undirbúið jarðveginn. En alveg eins geti verið að þáttaraðirnar endurspegli hræðslu sem þegar var til staðar í samfélaginu; ótti manna birtist einfaldlega fyrr í þáttaröðunum en á borði stjórnmálamanna (Besand 2018, 3–4, og rit sem hún vitnar til). Þetta er því vandmeðfarið og það er ástæða til að vera varkár. En stundum virðast línur ögn skýrari. Í rannsókn sem stjórnmálafræðingurinn Amy Zegart birti árið 2012 kom í ljós að áhorfendur þátta á borð við *24* og *Homeland* (þar sem gripið er til pyntinga ef nauðsyn þykir) voru jákvæðari en aðrir gagnvart því að pyntingum væri beitt í stríðinu gegn hryðjuverkum; stuðningur við pyntingar jókst líka almennt á tíma Obama forseta, jafnvel þótt

stefna hans væri síður höll undir pyntingar en stefna forvera hans í embætti (Arenhövel 2018, 12 og rit sem hann vitnar til).

Þótt oftast sé mjög torvelt að sýna með óyggjandi hætti fram á áhrif sjónvarps á þankagang fólks er áhugi á slíku þó talsverður innan fræðaheimsins. Efnið er líka forvitnilegt þótt það sé erfitt viðfangs. Nýtt greinasafn um stjórnsmál og sjónvarpsþáttaraðir (Besand 2018) er til að mynda til marks um gróskuna í þessari nálgun. Þarna eru ýmsar þáttaraðir skoðaðar frá sjónarhóli stjórnsmála, bæði þáttaraðir sem snúast beinlínis um stjórnsmál, s.s. *Spilaborg (House of Cards)*, *Vesturálman (West Wing)*, *Höllin (Borgen)*, og aðrar þar sem stjórnsmál eru ekki í brennidepli. Í síðari hópnum eru bæði fantasíukenndar þáttaraðir á borð við *Game of Thrones* og *The Walking Dead* og einnig raunsærra efni, s.s. *Breaking Bad*, *True Detective* og *Mad Men*. Það þarf ekki að koma á óvart að áhugi fræðimanna beinist að þessu efni. Margar sjónvarpsþáttaraðir ná yfir langan tíma í útsendingu, jafnvel mörg ár, og áhorfendur njóta því oft langrar samfylgdar við persónur og þá heimsmynd sem brugðið er upp. Áhorfendur kynnast því heimi slíkrar þáttaraðar betur en því sem sýnt er í hefðbundnum kvikmyndum.

Samkvæmt einum af höfundum greinasafnsins tekst sjónvarpsþáttaröðum betur en nokkrum öðrum miðli að hafa áhrif á hug fjöldans og verða raunverulegt afl, svo fremi þær bjóði áhorfendum upp á einhvers konar „raunveruleika“ og það geti fantasíur og vísindaskáldskapur gert, rétt eins og raunsæislegra efni (Arenhövel 2018, 11).

### 3 Nánar um efniviðinn

Eins og fram kom í inngangi er sögunni í *Game of Thrones* ekki lokið, hvorki í bókum né þáttum. Áttunda og síðasta þáttaröðin á enn eftir að líta dagsins ljós og búist er við að tvær bækur, sú sjötta og sjöunda, eigi eftir að bætast við þær sem þegar eru komnar. Efniviður þessarar ritgerðar er því ekki fullbúinn. Annað sem setur strik í reikninginn er sá munur sem er á bókunum og þáttaröðunum. Við kvikmyndaaðlögun bókmenntaverka er auðvitað nauðsynlegt að sleppa mörgu, bæði persónum og atburðum. En hér kemur fleira til. Söguþráður þáttaraðarinnar hefur með tímanum farið að sveigja æ meir frá bókunum; í bókunum hefur t.d. ein helsta kvenpersónan horfið að mestu af vettvangi en í þáttunum kemur hún mikið við sögu og gjörðir hennar hafa afdrifaríkar afleiðingar. Hvort á þá að fylgja bókum eða þáttum í umfjöllun um verkið? Hér verður farin sú leið að taka einkum tillit til þáttanna enda er viðbúið að áhrif þeirra séu meiri en bókaflokksins. Ýmislegt sem vitnað er til á hins vegar við um bækurnar eingöngu eða þá bæði bækur og þætti.<sup>3</sup> Þættirnir bera nafnið *Game of Thrones*, sem heiti fyrstu bókar bóksins. Bókabálkurinn kallast hins vegar *A Song of Ice and Fire*. Hér verður verkið allt, hvort sem um er að ræða bækur eða þætti, kallað *Game of Thrones* eins og virðist vera venja í daglegu tali. Í vísunum til einstakra þátta verður notað tölukerfi, 7.03 merkir þannig þriðja þátt sjöundu þáttaraðar.

Persónur í *Game of Thrones* eru gríðarlega margar, nafngreindar persónur skipta hundruðum og persónur sýnilegar á skjánum skipta vafalaust þúsundum enda sjást þar oftsinnis mannmargir herir. Á heildina litið eru konur ekki nema lítið brot fólks á söguviðinu. Þegar kemur að aðalpersónum eykst hlutur kvenna verulega. En aðalpersónur eru margar og ekki alveg auðvelt að ákvarða hverjir eiga heima í þeim hópi og hverjir ekki. Til að gera sér einhverja grein fyrir því má skoða hvaða persónur hafa helst fangað athygli aðdáenda og dægurblaðamanna. Hér að neðan er listi sem tímaritið *Rolling Stone* lét taka saman í júlí 2017, rétt áður en sjöunda þáttaröð fór í loftið, yfir fjörutíu „bestu“ persónurnar (Collins 2017):

---

<sup>3</sup> Í umfjöllunum um verkið er misjafnt hvort menn einbeita sér að bókunum, þáttunum eða hvoru tveggja. Þeir sem fjalla um pólitísk áhrif sjónvarpsefnis (eins og Koch 2018) hafa auðvitað aðeins þættina til umfjöllunar. Í athugun á fyrirmyndum verksins lítur Larrington (2016) til hvors tveggja.



- |                     |                       |                    |
|---------------------|-----------------------|--------------------|
| 1. <b>Daenerys</b>  | 15. Varys             | 29. Littlefinger   |
| 2. Jon Snow         | 16. Hundurinn         | 30. Bronn          |
| 3. Tyrion           | <b>17. Melisandre</b> | 31. Davos Seaworth |
| <b>4. Sansa</b>     | 18. Theon             | 32. Tommen         |
| <b>5. Cersei</b>    | 19. Stannis           | <b>33. Ygritte</b> |
| 6. Joffrey          | 20. Oberynd           | 34. Jaqen H'ghar   |
| 7. Ned Stark        | 21. Bran              | 35. Jorah Mormont  |
| <b>8. Arya</b>      | 22. Viserys           | 36. Tormund        |
| <b>9. Brienne</b>   | 23. Khal Drogo        | 37. Wun-Wun        |
| 10. Ramsay          | 24. Hodor             | <b>38. Yara</b>    |
| 11. Tywin           | 25. High Sparrow      | 39. Walder Frey    |
| 12. Jaime           | <b>26. Missandei</b>  | 40. The Night King |
| <b>13. Margaery</b> | 27. Fjallið           |                    |
| 14. Samwell         | 28. Robert Baratheon  |                    |

Hér eru nöfn kvenpersóna feitletruð. Fjórðungur persónanna eru konur. Svipað hlutfall kvenna sést á sambærilegum þrjátíu nafna lista vefsíðunnar *The Hollywood Reporter* ári áður, að sex þáttaröðum loknum (Wigler 2016):

- |                    |                           |
|--------------------|---------------------------|
| 1. <b>Arya</b>     | <b>16. Margaery</b>       |
| 2. Tyrion          | 17. Theon                 |
| <b>3. Daenerys</b> | 18. Ramsay                |
| <b>4. Cersei</b>   | 19. Hodor                 |
| 5. Joffrey         | 20. Ned Stark             |
| <b>6. Sansa</b>    | 21. Khal Drogo            |
| 7. Jon Snow        | 22. Samwell               |
| <b>8. Brienne</b>  | 23. Bran                  |
| 9. Varys           | 24. Walder Frey           |
| 10. Hundurinn      | 25. Robb / <b>Catelyn</b> |
| 11. Tywin          | <b>26. Melisandre</b>     |
| 12. Littlefinger   | 27. Davos                 |
| 13. Bronn          | 28. Jorah Monmont         |
| 14. Jaime          | 29. Tormund               |
| <b>15. Olenna</b>  | 30. Oberynd               |

Á báðum listum er persónum raðað eftir vægi. Ef aðeins er litið á tíu efstu persónur hvors lista má sjá að konur eru í báðum tilvikum helmingur persónanna. Það er því ljóst að konur skipa veigamikinn sess í hópi helstu persóna. Alls eru kvenpersónur listanna tveggja tólf talsins. Ekki eru þetta allt sömu konurnar á báðum listunum, á fyrri listanum eru tvær sem rata ekki á þann síðari, og sömuleiðis eru tvær á síðari listanum ekki á þeim fyrri. Á báðum listunum er í fimm efstu sætunum um sömu konurnar að ræða.

Atkvæðamiklar og áhugaverðar konur í *Game of Thrones* eru vissulega talsvert fleiri en tólf. En það er ógerningur að gera grein fyrir þeim öllum. Hér verða því nokkrar valdar úr hópnum: þær fimm sem skipa sér efst á báðum listum hér að ofan og þrjár til viðbótar sem eru áhugaverðar frá kvenna- eða kynjafræðilegu sjónarmiði: Olenna, Yara og Lyanna Mormont. Nafn þeirrar síðustu er á hvorugum listanum enda voru þeir gerðir áður en fór að kveða að henni að marki í þáttunum.

## 4 Nokkrir kvenskörungar *Game of Thrones*

Hér verður sagt frá átta kvenpersónum *Game of Thrones* sem eru mjög áberandi í verkinu og/eða eru áhugaverðar í (kynja)pólítísku tilliti. Allar eiga þær það sameiginlegt að vera sterkir karakterar og stangast á við þau dæmigerðu mót sem kvenpersónur í sjónvarpi eru oft látnar í. Konurnar eru þó ólíkar en eins og George R.R. Martin, höfundur bókanna, sagði eitt sinn í viðtali: „I wanted to present my female characters in great diversity, even in a society as sexist and patriarchal as the Seven Kingdoms of Westeros. Women would find different roles and different personalities, so women with different talents would find ways to work with it in a society according to who they are“ (ONTD 2012). Þetta átta kvenna úrval engan veginn tæmandi listi af áhugaverðum og sterkum kvenpersónum í *Game of Thrones* en það gefur þó innsýn í hvernig konur eru sýndar í verkinu.

### 4.1 Arya Stark

Arya Stark er yngri dóttir Eddard Stark, héraðshöfðingja í nyrsta hluta sameinaðs konungsríkis (Konungsríkjanna sjö) og síðar stallara konungs, og lafði Catelyn Stark, sem búa í friði og spekt á setri sínu Winterfell í upphafi sögunnar. Hún er ein af yngstu aðalpersónum þáttanna og fá áhorfendur að fylgjast með henni eldast og þroskast í gegnum söguna. Arya er ákveðinn og sjálfstæður karakter sem fer sínar eigin leiðir. Hún lætur engan segja sér hvernig hún á að haga sér. Hún hefur ekki minnsta áhuga á kvenlegum athöfnum eins og saumaskap en hefur þeim mun meiri áhuga á því að slást og skylmast. Hún sækir mun meira í að líkjast eldri bræðrum sínum, Jon og Robb, en systur sinni Sönsu, sem er þegar sagan hefst undirgefín og þrúð. Á yngri árum áskotnast Aryu sverð og hún einsetur sér að ná langt í skylmingum. Sverðið nefnir hún Nál (*Needle*) og gerir þannig grín að saumaskapnum sem henni er ætlað að stunda, núna loksins nenni hún að leika sér með nál (1.02). Arya er mjög sjálfstæð og þarf að læra að bjarga sér sjálf þegar faðir hennar er tekinn af lífi í höfuðborginni, King's Landing, en þangað fylgdi fjölskyldan honum þegar hann var gerður að stallara kongungs (1.09). Fram undan er langt og strangt ferðalag þar sem hún þarf að reiða eingöngu á sjálfa sig. Útsjónarsemi og sjálfsbjargarviðleitni hennar kemur henni að lokum heim á Winterfell (7.04) en þá er hún búin að vera á flakki í nokkur ár og hefur þróað með sér ýmsa hæfileika og listir á leiðinni, m.a. hvernig á að dulbúa sig sem hver sem er. Arya breytist úr saklausu stúlkubarni í kaldrifjaða og hefnigjarna konu, en hún útbýr t.d. lista yfir þá sem hún vill feiga. Arya hefur orðið mörgum að bana en afdrifaríkasta og eftirminnilegasta vígið er þegar hún, ásamt systur sinni, ræður niðurlögum klækjarefsins Petyr „Littlefinger“ Baelish í lok sjöundu þáttaraðar (7.07).

## 4.2 Sansa Stark

Ólíkt systur sinni Aryu er Sansa mun hallari undir kvenlegar dyggðir. Hún er flink í alls kyns handavinnu og hugsar mikið um útlitið enda ægifögur. Draumur Sönsu var ávallt að giftast myndarlegum prins og sá draumur rætist hér um bil þegar hún trúlofast Joffrey, eldri syni konungsins og ríkisarfa. Sá draumur fer hins vegar í vaskinn þegar faðir hennar er tekinn af lífi og líkt og Arya lendir hún í klípu vegna „svika“ föður síns. Í gegnum allar þáttaraðirnar er farið mjög illa með Sönsu. Hún er smánuð, beitt ofbeldi, nauðgað og haldið fanginni svo eitthvað sé nefnt. Hún er neydd í tvö hjónabönd, fyrst með Tyrion Lannister (3.08) og síðar með siðblindingjanum Ramsay Bolton (5.06). Hin slæma reynsla verður til þess að hún þroskast og lærir hún smátt og smátt að veita mótspyrnu og standa með sjálfri sér. Persónuleiki hennar þróast úr því að vera undirgefinn og hlýðinn í að vera miskunnarlaus og ákveðinn. Reynsla Sönsu mótar hana því sem persónu og fjarlægist hún kvenlegu dyggðirnar smátt og smátt og fer að hafa meiri áhuga á stjórnmálum og hernaði. Hún einsetur sér að hjálpa til við að ná æskuheimili sínu, Winterfell, úr greipum hins grimma Ramsay og tekur óbeint þátt í dauða hans (6.09). Hún tekur síðan við sem lafðin af Winterfell og stjórnar með þryði. Ein af stærstu ákvörðunum sem hún tekur sem lafðin af Winterfell er að dæma Petyr „Littlefinger“ Baelish til dauða (7.07).

## 4.3 Cersei Lannister

Cersei Lannister er drottning Konungsríkjanna sjö. Hún er af efnaðri og valdamikilli fjölskyldu og giftist konunginum, Robert Baratheon. Hjónin eiga þrjú börn, sem eru þó í raun börn Cersei og tvíburabróður hennar, Jaime. Þegar Robert deyr tekur elsti sonur hennar, Joffrey, við krúnunni (1.07). Hún er honum innan handar þar sem hann er enn þá svo ungur. En þegar Joffrey er myrtur og yngri sonur hennar styttir sér aldur tekur Cersei alfarið við krúnunni (6.10). Miskunnarleysi og grimmur eru orð sem lýsa henni vel en gerir hún allt til að hámarka völd sín jafnvel þó einhver týni lífi í leiðinni. Cersei er ósátt með hversu lítið mark er tekið á henni þegar kemur að hernaðarlegum ákvörðunum og kennir því um að hún sé kona. Hún þolir ekki tilhugsunina um að kyn hennar takmarki þátttöku hennar í stjórnmálum og telur sig vera jafn hæfa til að taka ákvarðanir og karlmenn. Hlutverk hennar innan fjölskyldunnar var einungis að giftast konungi, og innan nýju fjölskyldunnar að ala konungi börn, en hún telur sig geta gert meira en þetta og er reið yfir því að vera sett til hliðar í pólitískum ákvörðunum.

#### 4.4 Daenerys Targaryen

Daenerys Targaryen er dóttir forvera Roberts Baratheon í hásetinu, Ayrís II. Targaryen. Áður en hún fæddist var faðir hennar ráðinn af dögum og móðir hennar dó stuttu eftir að hún kom í heiminn. Hún var því munaðarlaus og eini eftirlifandi ættingi hennar var bróðir hennar Viserys sem kom illa fram við hana og notaði hana til að ná sínum pólitísku markmiðum. Hann beitir hana ofbeldi og misnotar hana kynferðislega og að lokum neyðir hann hana til að giftast Khal Drogo, höfðingja hins herskúa Dothraki-ættbálks, í því skyni að geta nýtt sér þann herafli (1.01). Hún nýtir sér hins vegar stöðu sína sem khaleesi (drottning) og snýr eynd sinni við. Khal Drogo drepur bróður hennar að hennar skipun og hún eignast þrjá dreka (1.10). Drekarirnir eiga eftir að nýtast henni sem skæð vopn í valdabaráttu sinni en hún hefur einsett sér að ná krúnunni af Cersei Lannister, enda er hún réttmætur erfingi hennar þar sem systkini hennar og foreldrar eru öll látin. Daenerys er réttlát og hugrökk. Hún er full af samkennd og vill öðrum vel. Á sama tíma er hún mjög ákveðin og miskunnarlaus í garð óvina sinna. Daenerys fór úr því að vera kúguð ung stúlka sem sætti miklu ofbeldi yfir í að vera sterkur leiðtogi með marga fylgjendur. Hún er dád af þeim sem fylgja henni og fylgismönnum fjölgar jafnt og þétt á leið hennar til King's Landing.

#### 4.5 Brienne af Tarth

Bardagakonan Brienne af Tarth er sterkasta kvenpersóna *Game of Thrones* í orðsins fyllstu merkingu. Hún er stór í sniðum og gnæfir yfir flesta. Frá barnsaldri hefur hún haft áhuga á því að berjast og er hún ein af bestu bardagamönnum Westeros. Hún er þrautþjálfuð og hefur allt sem góðum riddara sæmir en vegna kyns síns getur hún ekki tileinkað sér þann titil, sér til mikillar mæðu. Brienne hefur átt erfitt með að finna sjálfa sig. Kvenlegar dyggðir eru henni fjarri og hefur hún jafnvel orðið fyrir háði og spotti fyrir að klæða sig kvenlega þar sem útlit hennar þykir ekki kvenlegt. Enn fremur mætir hún takmörkuðum skilningi þegar kemur að atvinnu sinni, bardagalist, en kyn hennar kemur í veg fyrir að hún njóti verðskuldaðrar virðingar sem bardagakona. Þrátt fyrir þetta hefur hún taugar úr stáli og er óhrædd við að berjast við færustu bardagamenn Westeros. Brienne er trygglynd, heiðarleg, ákveðin og hugrökk. Hún vílar þó ekki fyrir sér að drepa og hefur orðið mörgum mönnum að bana.

#### 4.6 Lafði Olenna Tyrell

Lafði Olenna var reynslumikill pólitíkus. Hún var höfuð sinnar ættar þegar en hún lést (7.03) og áður stjórnaði hún í gegnum son sinn, Mace Tyrell. Olenna ferðast til King's Landing til að vera sonardóttur sinni, Margaery Tyrell, innan handar þegar hún er lofuð Joffrey Baratheon

(2.10). Olenna er bæði eldklár og miskunnarlaus. Hún er óhrædd við að koma skoðunum sínum á framfæri og er tilbúin að gera nánast hvað sem er til að ná sínu fram, hvort sem það er að vingast við óvini eða myrða. Hennar markmið er að hámarka völd fjölskyldu sinnar og var hún því tilbúin að gera bandalag við Lannister-fjölskylduna, þrátt fyrir að líta á þau sem óvini. Hún leggur mikið á ráðin á bak við tjöldin og virðist vita allt. Þegar hún fær það staðfest frá Sönsu að tilvonandi eiginmaður Margaery sé „skrímsli“ ákveður hún að drepa hann til að hlífa Margaery (4.02). Hún gerir það á klókan hátt og engan grunar að hún var þar að verki. Þegar Joffrey er allur stingur Olenna upp á því við Margaery að hún giftist litla bróður Joffrey heitins, Tommen, svo að hún hafi enn tækifæri til að geta orðið drottning.

#### **4.7 Yara Greyjoy**

Yara Greyjoy er ekki jafn áberandi og hinar konurnar sem sagt hefur verið frá hér að framan en er samt sem áður áhugaverð í samhengi þessarar ritgerðar. Yara kemur frá Járneyjum (e. *Iron Islands*), talsvert afskekktu svæði innan Westeros. Hún er einkadóttir Balons lávarðar og systir Theons Greyjoy. Hún elst upp í samfélagi þar sem ríkir mikið feðraveldi en þrátt fyrir það er hún alin upp eins og strákur þar sem tveir eldri synir Balons lávarðar eru dánir og sá yngsti er í fóstri hjá Eddard Stark á Winterfell. Hún er mikil bardagakona og ræður yfir sínu eigin langskipi, mörgum eyjaskeggjum til mikils ama, en samfélagið lítur ekki svo á að konur eigi að berjast eða ráða yfir mannafla. Hún er hugrökk og ákveðin og lætur ekki segja sér fyrir verkum. Balon vill að dóttir sín erfi krúnuna eftir hann og verði jafnframt fyrsta konan til að stjórna Járneyjum. Þegar Balon er drepinn af yngri bróður sínum, Euron Greyjoy, sem sækist eftir völdum á Járneyjum, kemur hins vegar í ljós að Yara hefur ekki tilkall til yfirráða þar sem Járneyingar kjósa sér höfðingja og valdið erfist ekki. Yara býður sig fram og er nálægt því að vinna kosningarnar þar sem hún hefur mikla reynslu af hernaði og hefur góð meðmæli frá Theoni bróður sínum. Hún er samt dregin í efa vegna kyns síns og Euron föðurbróðir hennar er á endanum kosinn þrátt fyrir að hafa viðurkennt fyrir þegnunum að hafa drepit bróður sinn (6.05).

#### **4.8 Lafði Lyanna Mormont**

Þrátt fyrir ungan aldur er lafði Lyanna Mormont höfðingi Bjarnareyjar (e. *Bear Island*). Hún tók við af móður sinni eftir hún lést í bardaga. Bjarnarey er ólík öðrum samfélögum í Westeros en þar eru konur aldar upp sem bardagakonur og ætlast er til að þær geti stjórnað og barist jafnt sem karlmennirnir. Ástæðan er hversu berskjölduð eyjan er fyrir árásum og að konurnar þurfi að geta varið sig sjálfar á meðan mennirnir róa til fiskjar. Lyanna er því alin

upp við að geta stjórnað og gerir það með þryði þrátt fyrir að vera aðeins 11 eða 12 ára (í sjöundu þáttaröð). Lyanna er mjög greind og ákveðin persóna sem lætur engan vaða yfir sig. Hún sjálfsörugg og skynsöm og kemur það skýrt fram í stjórnunarstíl hennar. Þrátt fyrir það er hún óhrædd við að biðja ráðgjafa sína um álit en reiðir sig ekki á þá og tekur ákvarðanirnar sjálf. Ein af ákvörðunum sem hún tekur, þrátt fyrir andmæli ráðgjafa, er að allir íbúar eyjarinnar, 10 ára eða eldri, óháð kyni, ættu að þjálfa sig í bardagalist til að hægt væri að mynda almennilegan her. Hún segist ekki ætla sér að sitja við arininn og þrjóna á meðan karlarnir berjast (7.01).

## 5 Umræður

Hér að ofan hefur átta konum verið lýst og sérstaklega horft á stjórnunarhætti þeirra og kyngervi. Í umræðukafla þessarar ritgerðar verða konurnar mátaðar við kenningalegu þættina sem komu fram í byrjun, kynjafræðina, hugmyndir Machiavellis og að lokum verður rætt um hugsanleg áhrif í samtímanum.

### 5.1 Kvenréttindi, Bechdel-prófið, mengandi/styðjandi kvenleiki

*Game of Thrones* eru mjög ofbeldisfullir þættir og eru það oft konur sem verða fyrir ofbeldinu. Þær eru drepnar, þeim er nauðgað og þær eru lítillækkaðar. Sögusvið þáttanna er heimur þar sem feðraveldi lifir víðast hvar góðu lífi og er komið fram við konurnar eftir því. Þættirnir hafa hlotið mikla gagnrýni hjá hópi áhorfenda sem er nóg boðið og finnst nektin, ofbeldið og hrottalegar nauðgunarsenurnar taka út yfir allan þjófabálk (sjá t.d. Nordine 2017). Því hefur verið haldið fram að þetta sé til marks um skort á femínísku sjónarhorni í sögunni (Spector 2012, 170). Sara David, fréttaritari hjá *Broadly*, tók saman ítarlega tölfræði yfir nekt, nauðganir og morð í þeim 67 þáttum sem komnir eru. Hún komst að því að 83,7% af allri nekt sem kemur fram í þáttunum er kvenleg nekt en á sama tíma eru konur aðeins 5,8% af þeim sem myrtir eru. David taldi nauðgunarsenurnar og komst að því að sautján nauðganir eða tilraunir til þeirra hafa birst á skjánum. Þegar þær voru skoðaðar betur kom í ljós að þeim fer fækkandi eftir því sem líður á þáttaraðirnar. Í fyrstu tveimur eru t.d. samanlagt sjö nauðganir/tilraunir til nauðgunar á meðan í síðustu tveim eru engar. David fann út að fylgni væri á milli minnkandi ofbeldis í garð konu og að saga hennar staðnaði. Það þýðir að ef kona var ekki beitt ofbeldi þurrkaðist saga hennar smám saman út. Einnig skoðaði David hversu margir þættir stæðust Bechdel-prófið og komst að því að aðeins 18 þættir af þeim 67 sem sýndir hafa verið standist prófið sem er vissulega nokkuð lágt hlutfall (David 2017, sjá einnig Nordine 2017). Femínísk gagnrýni á þættina hefur ekki aðeins snúist um innihald þeirra heldur einnig þá sem búa þá til en athygli vekur hversu fáar konur koma að því að skrifa og leikstýra þáttunum. Samkvæmt *IndieWire* hafa konur einungis komið að gerð 8 þátta af 67 en aðeins tvær konur hafa skrifað samtals fjóra þætti og ein kona leikstýrt fjórum þáttum (Miller 2017).

En þrátt fyrir það að konur hafi það augljóslega verr en karlar í Westeros þýðir ekki að þær séu undirgefnar eða sætti sig við stöðu sína. Í þáttunum eru margar sterkar kvenpersónur sem beita ofbeldi og drepa karla, sennilega fleiri en í sjónvarpsþáttum almennt. Eins og fram kom í 4. kafla hér að framan eru þarna margar kvenpersónur sem víla ekki fyrir sér að drepa eða vera við stjórnvölinn. Í raun er líkt og allar konurnar sem nefndar eru í kaflanum vísi



feðraveldinu á bug á einn eða annan hátt. Emilia Clark, leikkonan sem túlkar Daenerys í þáttunum, segir í viðtali að heimurinn sem sýndur er á skjánum sé ekki sá sami og heimurinn sem við búum í núna heldur samsvari hann frekar lífinu á miðöldum þar sem konur voru ekki nálægt því að vera jafnar körlum. Þegar horft er á konurnar út frá því sjónarhorni og afrek og færni þeirra tekin til athugunar eru þær valdeflandi í því samhengi. Einnig minnst hún á nektina og segist hlakka til þess dags sem hlutföll naktra karla og kvenna í sjónvarpi jafnast út (Frankel 2014, 1).

Þegar kvenpersónurnar eru skoðaðar í gegnum kynjagleraugin kemur ýmislegt í ljós. Nokkrar þeirra breytast mikið í gegnum þáttaraðirnar og persónuleiki þeirra þroskast og dafnar. Daenerys og Sansa byrja báðar sem varnarlausar og berskjaldaðar stúlkur en þróast í að verða sterkar og óttalausar konur. Í byrjun eru þær háðar fjölskyldum sínum og síðar eiginmönnum sínum en þær rísa upp að lokum og sýna hvað í þeim býr. Þær fara úr því að bera með sér styðjandi kvenleika í það að tileinka sér mengandi kvenleika. Styðjandi kvenleikinn kemur fram í hlýðninni sem þær sýna, t.d. þegar Sansa samþykkir að giftast Joffrey og stendur síðar með tilvonandi tengdafjölskyldu sinni á móti föður sínum. Daenerys er einnig mjög hlýðin fyrst og vill ekkert fremur en að hjálpa bróður sínum Viserys, sem fer mjög illa með hana, að ná krúnunni. Hún er notuð sem pólitísk skiptimynt þegar Viserys neyðir hana í hjónaband með Khal Drogo svo að hann geti notað her mágs síns til að ráðast inn í King's Landing. Eftir mikla undirokun rísa þær báðar upp og verða loks sínir eigin herrar. Sansa verður ákveðnari og harðskeyttari og endar sem lafðin af Winterfell eftir að hafa hjálpað við að ná æskuheimilinu til baka og Daenerys einsetur sér að ljúka því verkefni sem bróðir hennar byrjaði á, að komast yfir krúnuna og verða sjálf drottning Konungsríkjanna sjö.

Arya og Brienne eru líkar að því leyti að þær hafa ekki sýnt vott af styðjandi kvenleika. Kvenleiki þeirra er mengandi út í gegn en báðar brjóta þær í bága við hugmyndir samfélagsins um hvernig kona ætti að líta út eða haga sér. Þær eru t.d. báðar stutthærðar en Arya klippir á sér hárið til að dulbúast sem strákur á flótta sínum frá King's Landing en henni er sagt að hún eigi á hættu að vera nauðgað ef menn vita að hún er stelpa (1.10). Klæðaburður Aryu og Brienne er ekki alveg ósvipaður en þær klæðast báðar karlmannlegum fötum og sjaldan sér maður þær í kjólum eða pílsum. Hvorug gefur hinu kyninu mikinn gaum og þær hafa ekki áhuga á hjónabandi. Þegar Tormund Giantsbane rennir hýru auga til Brienne lætur það henni augljóslega líða óþægilega (6.04). Þó hafa komið upp ýmsar getgátur áhorfenda um hvort samband hennar og Jaime Lannister hafi verið meira en bara vinátta en ekkert í þáttunum hefur þó sannað þær getgátur (Sastrey 2014). Arya hefur ekki enn verið við karlmann kennd í þáttunum og bendir lítið til þess að svo verði. Skoðanir hennar á hjónabandi koma

skýrt fram í byrjun fyrstu þáttaraðar þegar faðir hennar segir henni að einn daginn muni hún giftast göfugum lávarði og ráða yfir kastala og bera honum syni sem verði riddarar og prinsar. Við þessu segir hún einfaldlega: „nei, þetta á ekki við um mig“ (1.04). Viðbrögð hennar gefa sterklega í skyn að henni hugnast hvorki að giftast né ala börn sem eru dæmi um þær dyggðir sem samfélagið ætlast til af konum. Arya og Brienne sýna myndugleik og útsjónarsemi en báðar eru þær þrautþjálfaðar bardagakonur og hafa orðið þó nokkrum mönnum að bana, sem er mjög sjaldgæft meðal kvenna í Westeros. Arya er með 64 morð á bakinu (Hornshaw 2017) þar sem „sætasta“ morðið er án efa þegar hún ræður Petyr „Littlefinger“ Baelish af dögum í lok sjöundu þáttaraðar og hefnir þar föður síns.

Lyanna Mormont er önnur persóna sem vísar kynjahlutverkunum á bug. Það sýnir sig þegar hún vill þjálfra alla eyjarskeggja 10 ára og upp úr, óháð kyni, til að berjast. Sjálf er hún æðsti stjórnandi Bjarnareyjar og virðist una sér vel í því hlutverki þrátt fyrir ungan aldur. Rétt eins og Arya gefur hún lítið fyrir þau verk sem ætluð eru ungum stúlkum í Westeros eins og saumaskap, en hún segist frekar vilja berjast heldur en að sinna handavinnu. Áhugavert er að sjá þær tvær yngstu í hópi áberandi kvenpersóna snúa baki við saumaskap til að gera það sem þær vilja gera, ekki það sem samfélagið vill að þær geri. Þess ber þó að gæta að hugsunarháttur feðraveldisins virðist miklu fjarlægari Bjarneyingum en öðrum íbúum Westeros.

Í hörðum og óréttlátum heimi *Game of Thrones* þurfa konur að berjast fyrir völdum sínum með kjafti og klóm. Þær eru látnar ganga í gegnum helvíti en það sem lítur í fyrstu út fyrir að vera valda-fantasía um stjórnmal og stríð, gerð fyrir karlmenn, er í raun femínísk saga sem sýnir á raunverulegan og óhugnanlegan hátt hvað getur gerst þegar samfélagið heldur konum niðri (Spector 2012, 187).

## 5.2 Makkíavellískar kvenpersónur

Heimur *Game of Thrones* er ekki ólíkur Ítalíu endurreisnartímans þar sem morðingjar, deilur milli ætta og stjórnsamir ráðgjafar voru áberandi. Því ætti ekki að koma á óvart að persónur þáttanna notist við svipaðar aðferðir og eru útlistaðar í *Furstanum* eftir Machiavelli (Beaton 2016, 193). Gwendoline Christie, sú sem túlkar Brienne af Tarth í þáttunum, lét eitt sinn hafa eftir sér í viðtali að ásamt því að vera sterkar, bæði andlega og líkamlega, klárar og klókar séu kvenpersónurnar í þáttunum einnig makkíavellískar (Frankel 2014, 3). Orðið er notað í neikvæðri merkingu í nútímanum, en það þýðir að vera óheiðarlegur tækifærissinni sem nýtir sér allskyns leynimakk til að ná markmiðum sínum (*Collins Dictionary*). En þótt orðið sé

neikvætt í nútímanum er það jákvætt í heimi eins og sést í *Game of Thrones*. Persónurnar þar ættu að vera eins makkíavellískar og þær mögulega geta (Beaton 2016, 193).

Því fer fjarri að allar kvenpersónurnar séu makkíavellískar en margar þeirra eru á höttunum eftir einhvers konar völdum og sumar jafnvel tilbúnar að gera ýmislegt til að hámarka þau. Cersei Lannister og Olenna Tyrell, konur sem báðar eru helteknar af hásetinu, eru þær sem koma fyrstar upp í hugann þegar litið er á persónueinkennin hér að ofan, þær eru fljótt á litið mestu bragðarefirnir í hópi kvennanna í *Game of Thrones*. En hvernig skyldu breytni þeirra og örlög ríma við hugtök Machiavellis, *virtú* og *fortuna*, sem gerð var grein fyrir í kafla 2.2 hér að framan?

Þar sem Cersei er ekkja konungsins á hún réttmætt tilkall til krúnunnar. Sem núverandi drottning Konungsríkjanna sjö er hún í kjörinni stöðu til yfirráða en nýtir sér hana ekki nógu vel. Hún veit ekki hvenær hún á að vera grimm og hvenær ekki. Hún drottnar með ótta og hefur þannig aflað sér margra óvina og eru þegnar hennar hræddir við hana. Machiavelli varar við að beita of mikilli grimmd því hún leiðir til haturs og það er einmitt það sem Cersei hefur gert. Hatur hvetur síðan til aðgerða og þá getur verið erfitt að verjast. Cersei býr því ekki yfir miklu *virtù* þar sem hana skortir dómgreindina til þess að viðhalda völdum. Hún hlustar ekki á ráð frá neinum og er andstyggileg við bróður sinn Tyrion sem býr yfir mikilli herkænsku og er mögulega hennar eina von til að halda hásetinu. Þar sem *virtù* er nauðsynlegt til að viðhalda völdum er harla ólíklegt að hásetið verði hennar mikið lengur. Þegar litið er á *fortuna* kemur í ljós að Cersei skortir það einnig. Örlög hennar eru hræðileg. Hún missir börnin sín þrjú, einu manneskjurnar sem hún elskar af öllu hjarta, og Jaime, tvíburabróðir hennar og elskhugi, fjarlægist hana.

Lafði Olenna er einnig á höttunum eftir hásetinu, þó ekki fyrir sjálfa sig heldur sonardóttur sína Margaery. Hún er heilinn á bak við plottið um að koma Margaery í konungshöllina og mætti segja að Margaery sé í raun strengjabrúðan hennar. Margaery hefur margt fram yfir Cersei og þá einna helst góðmennsku. Hún heillar alla upp úr skónum og er „maður fólksins“ sem Cersei er klárlega ekki. Margaery vinnur hug og hjörtu þegna King's Landing með því að ganga út á meðal fólksins og heimsækir hún m.a. munaðarleysingjahæli, eitthvað sem Cersei myndi ekki láta sér detta í hug að gera (3.01). Margaery er því elskuð af þegnum og skortir alla grimmd. Þar kemur amma hennar þó sterk inn en hún á auðvelt með að beita grimmd þegar nauðsyn krefur. Það sést best þegar hún myrðir Joffrey prins, verðandi eiginmann Margaery. Því má segja að saman búi þær yfir miklu *virtù* þar sem góðmennska Margaery og kænska Olennu eru góð blanda. *Fortuna* er þeim þó ekki hliðholl en báðar eru

þær horfnar af vettvangi. Olennu er byrjað eitru (7.03) og Margaery lætur lífið ásamt mörgum öðrum í árás á Hofið mikla í King's Landing (6.10), hvort tveggja skipulagt af Cersei.

Rétt eins og Cersei og Olenna einblínir Daenerys á hásetið sem hún telur sjálfa sig eiga tilkall til. Hún er sennilega sú kona sem Machiavelli væri ánægðastur með. Með bæði *virtù* og *fortuna* á sínu bandi hefur henni gengið mjög vel að sölsa undir sig ýmis landsvæði og vinna alls kyns sigra. Eins og Machiavelli bendir á er best að vera bæði elskaður og geta vakið ótta þegar þess er þörf. Daenerys virðist geta gert hvort tveggja en hún nýtur mikillar hylli hvar sem hún kemur og góðmennska hennar og réttvísi afla henni mikils fylgis. Dæmi um það er þegar hún leysir bardagaþrælana í Þrælaflóa úr ánaði og ákveða þeir að berjast fyrir hana í staðinn sem frjálsir menn. Herinn hennar mun sennilega aldrei svíkja hana þar sem hann gekk til liðs við hana óumbeðinn og mennirnir í honum eiga henni líf sitt að launa (Schulzke 2012, 46). Daenerys getur hins vegar líka sýnt grimmd þegar hún telur það nauðsynlegt. Hún lætur t.d. krossfesta 163 ráðamenn frá borginni Meereen fyrir það hvernig þeir fóru með börn þræla í borginni (4.04). *Virtù* lýsir sér einnig í því hversu snjöll hún er og hversu tilbúin hún er að hlusta á ráðgjafa sína. Hún ræður til sín Tyrion Lannister, bróður Cersei, sem sérstakan herkænskuráðgjafi og reynist hann henni mjög vel. *Fortuna* er henni mjög hliðhollt í valdabaráttunni og er skýrt dæmi um það þegar henni áskotnast þrír eldspúandi drekar sem er öflugasta vopn sem hægt er að hugsa sér. Leið hennar að hásetinu virðist því vera nokkuð greið.

Cersei, Olenna og Daenerys eru fjarri því að vera einu konurnar sem hægt er að máta við hugmyndir Machiavellis, allir sem eru á höttunum eftir einhvers konar völdum ættu að geta samsvarað sig þeim á einn eða annan hátt. Arya er rík af *virtù* sem sýnir sig best í því hve lengi hún nær að komast af upp á eigin spýtur þrátt fyrir að *fortuna* sé ekki að vinna með henni. Hún þróar með sér ýmsa hæfileika, t.d. þegar hún fer í þjálfun hjá Andlitslausu mönnunum (e. *The Faceless men*) og lærir þar að bregða sér í allra kvikinda líki (Schulzke 2012, 43). Það nýtist henni vel þegar hún hefnir móður sinnar og bróður með því að drepa Frey-ættina nánast eins og hún leggur sig (6. 10 og 7.01). *Virtù* kemur einkar skýrast fram þegar Arya ásamt systur sinni Sönsu blekkja mesta klækjaref sögunnar, Petyr „Littlefinger“ Baelish, en Schulzke (2012, 42) lýsir honum sem einni makkíavellískustu persónu sögunnar. Arya er þó ekki fullkomið dæmi um persónu með mikið *virtù* þar sem hún ræður ekki yfir herafloa (sama heimild, 44). Þótt hún sé góð í að skylmast og hafi drepið fólk þá stjórnar hún engum her, a.m.k. ekki enn sem komið er.

Það gerir hins vegar Yara Greyjoy. Hún er fær liðsforingi og fer fyrir her Járneyinga. Hún býr yfir miklu hugrekki og það sýnir sig vel þegar hún einsetur sér að bjarga Theoni

bróður sínum úr þrisund níðingsins Ramsays Bolton. Hún fer fyrir mönnum sínum og ræðst inn í heimkynni Bolton-fjölskyldunnar um nótt. Þrátt fyrir að vera með miklu færri menn en Ramsay hikar hún ekki, veður áfram og verður mörgum mönnum að bana. Machiavelli segir að bíræfni sé betri en varkárni í svona aðstæðum. Bíræfni er einmitt það sem Yara temur sér þegar hún æðir inn til Ramsays undirmönnuð og óviss um að yfirbuga hann. Machiavelli segir jafnframt *fortuna* sé of ófyrirsjáanlegt til að hægt sé að reiða sig á það (Beaton 2016, 194). Í tilviki Yöru var *fortuna* ekki með henni í liði því að vegna ófyrirsjáanlegra ástæðna tókst henni ekki að bjarga Theoni. Hann þorði hreinlega ekki fara með henni.

### 5.3 Hugsanleg áhrif

Eins og fram kom í kafla 2.3 geta kvikmyndir og sjónvarpsefni haft áhrif, um það verður varla deilt. En enn fremur kom þar fram að áhrif er oftast ekki ómögulegt að sanna. Það má þó vel velta fyrir sér hvort sú mynd sem dregin er upp af konum í *Game of Thrones* kunnist að hafa haft einhver áhrif út í raunveruleikann. Í 4. kafla og köflum 5.1 og 5.2 kom fram að margar áberandi kvenpersónur þáttanna eru sterkar, bjóða feðraveldi þáttanna byrginn og beita stundum kænsku með góðum árangri. Spyrja má hvort þetta hafi haft einhver áhrif á eða tengist kvennabaráttu samtímans.

Í október 2017 dró heldur betur til tíðinda í kynjapólitíkinni í heiminum. Hinn 5. október urðu opinberar ásakanir tuga kvenna á hendur bandaríska kvikmyndaframleiðandanum Harvey Weinstein um kynferðislega áreitni og ofbeldi, í umfjöllun í *New York Times* (Kantor og Twohey 2017). Athæfið hafði Weinstein komist upp með um áratuga skeið. Fleiri konur bættust í hópinn og tjáðu sig um áreitni og ofbeldi, bæði af hálfu Weinsteins og annarra karla í kvikmyndageiranum. Boltinn rúllaði hratt og nokkrum dögum eftir birtingu fréttarinnar í *New York Times* hvatti leikkonan Alyssa Milano konur til að láta í sér heyra undir myllumerkinu #metoo (sjá t.d. Sayej 2017). Það sem síðar hefur verið kallað metoo-hreyfingin, eða jafnvel metoo-byltingin, var hafið og gríðarlegur fjöldi kvenna um víða veröld reyndist tilbúinn að segja sögu sína, ýmist undir nafni eða nafnlaust.

Eftir að mál Weinsteins komst í há máli var talsvert skrifað um í fjölmiðlum að hegðun hans hefði verið á vitorði fjölmargra en fá fórnarlömb hefðu þorað að opna munninn. Einnig kom fram að aðrir miðlar hefðu reynt að koma málinu á framfæri áður en án árangurs (sjá t.d. *BBC News* 2017). Framleiðandinn Alison Owen, ein þeirra sem hafði heyrt ýmsar sögusagnir, gaf þessa skýringu á tímasetningu uppljóstranna: „the prevailing culture has changed“ (sama heimild). Þetta má vafalaust til sanns vegar færa. En hvernig breytast

viðhorfin? Þar kemur auðvitað margt til. En miðlar á borð við netið og sjónvarp eiga örugglega ekki lítinn hlut að máli.

Í eða undir lok hvernar þáttaraðar *Game of Thrones* gerast iðulega markverð (og oft óvænt) tíðindi, miklar orustur eru háðar eða lykelpersónur ráðnar af dögum. Í lokaþætti þeirrar nýjustu (7.07) hverfur einn helsti klækjarefurinn, Petyr „Littlefinger“ Baelish, af sjónarsviðinu þegar Sansa dæmir hann til dauða og Arya sker hann á háls. Baelish er falskur og nýtur varla mikillar samúðar áhorfenda. Þegar þarna var komið sögu hafði hann nýverið reynt að etja systrunum Sönsu og Aryu hvorri gegn annarri, hann hafði áður ráðið móðursystur þeirra af dögum, komið á hjónabandi Sönsu og mesta hrotta þáttanna í pólitískum tilgangi og reynt m.a.s. sjálfur að fara á fjörunnar við hana (þrátt fyrir ófáar yfirlýsingar um að hann hafi elskað móður systranna). Systurnar sjá í gegnum ráðabruggið þegar hann reynir að etja þeim saman, en á því áttar Baelish sig ekki og áhorfendur ekki heldur. Dráp hans er því harla óvænt og það vakti ómælda gleði hjá áhorfendum; þetta atriði telst örugglega með þeim eftirminnilegri í nýjustu þáttaröðinni og með þeim mest „fullnægjandi“ þegar litið er til alls verksins. Það sem olli falli Baelish er fyrst og fremst það að hinar gerólíku systur, sem fram að þessu hafa lítið botnað hvor í annarri, taka saman höndum og fella karl sem hefur linnulaust nýtt konur til að koma sjálfum sér áfram í lífinu, m.a. með því að reka hóruhús.

Nokkra samsvörun má sjá með þessum atburðum og Weinstein-málinu/metoo: konur taka höndum saman og fella karl/karla sem (jafnvel ítrekað) hefur/hafa farið illa með konur. En þótt auðveldlega greina megi samsvörun milli fyrirbæra eða fylgni getur verið þrautin þyngrri að sýna fram á orsakasamband, eins og rætt var í kafla 2.3. Umræddur þáttur *Game of Thrones* fór í loftið 27. ágúst 2017, nokkrum vikum áður en Weinstein-málið varð lýðum ljóst. Frétt eins og sú sem birtist um Weinstein í *New York Times* á sér vissulega miklu lengri aðdraganda en nokkrar vikur og þátturinn er örugglega ekki kveikjan að fréttáflutningnum. En það er ekki ósennilegt að hin sæta hefnd systranna í *Game of Thrones* hafi enn verið mörgum kvenkyns aðdáendum þáttanna ofarlega í huga í október. Hugsanlega hefur það haft áhrif á það hversu fljótt margar konur voru reiðubúnar til að láta loksins í sér heyra og taka þátt í byltingunni. *Game of Thrones* eru gríðarlega vinsælir þættir, þeir vinsælustu í sjónvarpssögunni eins og kom fram í inngangi; hvernar raðar og hvers þáttar er beðið er með mikilli eftirvæntingu og margir aðdáendur ræða efni þátta í þaula á netinu í kjölfar útsendingar. Áhrif slíkra sjónvarpsþátta ættu að sama skapi að vera meiri en annarra. En svo getur náttúrulega verið að áhrifin hafi verið á hinn veginn: að handritshöfundar séu undir

áhrifum frá breyttum tíðaranda, og umrætt atriði endurspeglir það,<sup>4</sup> sbr. það sem sagt var í inngangi um að þættina væri hægt að lesa sem heimild um pólitíska undirvitund. Þriðji möguleikinn er síðan auðvitað að það séu alls engin áhrif á hvorn veginn sem er.

Hér hefur verið velt vöngum yfir hugsanlegum áhrif *Game of Thrones* á kvennabaráttu. Ef eitthvað er til í þessu þá er auðvitað um jákvæð áhrif að ræða. En hvað með nektina og nauðganirnar sem rætt var um í kafla 5.1 og hefur sannarlega verið gagnrýnt? Er hugsanlegt að þarna hafi þættirnir áhrif? Það er hugsanlegt en það er þó ekki víst að þau áhrif séu slæm, eins og gagnrýnendur hafa látið í veðri vaka. Þegar munur eru á tíma þáttaraðar og samtímans þá getur þáttaröðin gefið innsýn í hvernig hugarheimur hefur breyst skv. Arenhövel (2018, 22).<sup>5</sup> Hann nefnir *Mad Men* sem dæmi um slíka þáttaröð, en hún á að gerast í New York á 7. áratug síðustu aldar; áhorfendur fá þarna að sjá ófagra mynd af kvenfyrirlitningu og kynþáttafordómum. Það verður að teljast hæpið að líta svo á að þessir þættir hvetji til kvenfyrirlitningar og kynþáttafordóma. Þeir hafa miklu frekar áhrif í þá átt að áhorfendur prísar sig sæla yfir því að heimurinn hefur breyst að þessu leyti. Á svipaðan hátt má vera að áhorfendur upplifi hrikalega nauðgunarmeninguna sem ríkir í *Game of Thrones* sem eitthvað úrelt. *Game of Thrones* hafa að mörgu leyti á sér raunsæislegan blæ, þrátt fyrir dreka og einstaka yfirnáttúrleg atvik minnir umgerðin okkur á það sem við höfum lært um miðaldir. Áhorfendur gætu upplifað nauðganirnar sem eitthvað sem var sjálfsagt í gamla daga en ekki lengur. Það er að minnsta kosti engin ástæða til að mála skrattann á vegginn.

---

<sup>4</sup> Atburðina í umræddu atriði er ekki að finna í bókum George. R.R. Martin, a.m.k. ekki enn sem komið er. Eins og fram kom í inngangi er dálítill munur á söguþræði bóka og þáttaraðar.

<sup>5</sup> Sbr. einnig Besand (2018, 3) og rit sem hún vitnar til.

## 6 Lokaorð

Í þessari ritgerð hefur verið farið yfir ýmsa þætti sem snerta kvenpersónur *Game of Thrones*. Ýmsar kenningar voru mátaðar við átta kvenpersónur sem allar eiga það sameiginlegt að vera sterkar og atkvæðamiklar konur. Konurnar búa í heimi þar sem feðraveldi ríkir, en það bitnar þó mismikið á þeim. Allar rísa þær upp gegn feðraveldinu á einn eða annan hátt og brjóta í bága við hugmyndir um karlmennsku og kvenleika, hvort sem það er gert með því að gegna valdastöðum, hunsa kvenlegar dyggðir eða taka þátt í blóðugum bardögum. Margar hverjar eru þær makkíavellískar og ríma sumar einkar vel við hugmynd Machiavellis um hinn fullkomna fursta. Að síðustu er litið á áhrif dægurmenningar á hugsunarhátt og heimsmynd fólks. Mjúkt vald getur breytt skoðunum fólks án þess að beita afli og getur birst í ýmsum myndum, þar á meðal í dægurmenningu. Þáttur eins og *Game of Thrones* gæti auðveldlega haft áhrif á skoðanir og viðhorf áhorfenda og án þess að hægt sé að sanna eitt eða neitt í þessum efnum þá er áhugavert að velja þessu fyrir sér — hver veit nema sterkar kvenpersónur í sjónvarpi kunni að hafa haft áhrif á kvennabaráttuna.



## Heimildaskrá

- Arenhövel, Mark. 2018. „Zwischen Ideologie und (Gesellschafts-)Kritik. Über die politische Lesbarkeit von Qualitätsserien.“ Í *Von Game of Thrones bis House of Cards. Politische Perspektiven in Fernsehserien*. Ritstjóri Anja Besand, 7–26. Dresden: Springer.
- Ásta Kristín Benediktsdóttir. Hugtakalisti. Sótt 3. september 2018. <https://astabenediktsdottir.wordpress.com/hinsegin-bokmenntir/hugtakalisti/>
- BBC News*. 2017. „Harvey Weinstein: Did everyone really know?“ 12. október. Sótt 6. september 2018. <https://www.bbc.com/news/entertainment-arts-41593384>
- Beaton, Elizabeth. 2016. „Female machiavellians in Westeros.“ Í *Women of Ice and Fire. Gender, Game of Thrones and Multiple Media Engagements*. Ritstjórar Anne Gjelsvik og Rikke Schubart, 193–217. New York, London: Bloomsbury.
- Beauchamp, Zack. 2017. „Game of Thrones season 7: each character’s strategy, ranked by political science“, *Vox.com*, 28. ágúst. Sótt 10. júlí 2018. <https://www.vox.com/culture/2017/8/28/16205048/game-of-thrones-season-7-cersei-daenerys-jon-snow>.
- Bechdel.com*. Sótt 2. september 2018. <http://bechdeltest.com>
- Besand, Anja. 2018. „Politik in Fernsehserien. Oder: Warum man sich selbst mit Game of Thrones politisch bilden kann. Eine Einführung.“ Í *Von Game of Thrones bis House of Cards. Politische Perspektiven in Fernsehserien*. Ritstjóri Anja Besand, 1–6. Dresden: Springer.
- Cato Institute*. 2017. „The Politics of Game of Thrones.“ 28. ágúst. Sótt 10. júlí 2018. <https://www.cato.org/events/politics-game-of-thrones>
- Center for Medieval and Renaissance Studies*. 2014. „Popular Culture and the Deep Past 2014: Game of Thrones.“ Sótt 10. júlí 2018. <https://cmrs.osu.edu/events/pcdp/2014-game-of-thrones>
- Collins, Sean. T. 2017. „40 Best ‘Game of Thrones’ Characters – Ranked and Updated.“ *Rolling Stone*, 13. júlí. Sótt 14. júlí 2018. <https://www.rollingstone.com/tv/tv-lists/40-best-game-of-thrones-characters-ranked-and-updated-29974/walder-frey-227461/>
- Collins Dictionary*. Sótt 6. september 2018. <https://www.collinsdictionary.com/dictionary/english/machiavellian>

- David, Sara. 2017. „‘Game of Thrones’ Season 2 Has Half the Nudity of Season 1, But Twice the Death.“ *Broadly*. 7. september. Sótt 1. september 2018. [https://broadly.vice.com/en\\_us/article/qvvx83/game-of-thrones-by-the-numbers](https://broadly.vice.com/en_us/article/qvvx83/game-of-thrones-by-the-numbers)
- Frankel, Valerie Estelle. 2014. *Women in Game of Thrones: Power, Conformity and Resistance*. Jefferson: McFarland & Company, Inc., Publishers.
- Goren, Lilly J. 2016. „Politics and Popular Culture.“ *Springer Science+Business Media*. 53:482–486. Sótt 22. júlí 2018, doi: 10.1007/s12115-016-0053-1.
- Gyða Margrét Pétursdóttir. 2012. „Styðjandi og mengandi kvenleiki innan áru kynjajafnréttis.“ *Íslenska þjóðfélagið* 3:5–18.
- Hinsegin frá A til Ö*. „Kyn og kyngervi.“ Sótt 3. september 2018. <https://otila.is/grunnurinn/kyn-og-kyngervi/>
- Hornshaw, Phil. 2017. „‘Game of Thrones’: Everyone Arya Stark Has Killed So Far (Photos)“ *The Wrap.com*. Sótt 5. september 2018. <https://www.thewrap.com/game-of-thrones-everyone-arya-stark-killed/>
- Jóhanna Katrín Friðriksdóttir. 2013. *Women in Old Norse literature: bodies, words and power*. New York: Palgrave Macmillan.
- Kantor, Jodi og Megan Twohey. 2017. „Harvey Weinstein Paid Off Sexual Harassment Accusers for Decades.“ *New York Times*, 5. október. Sótt 8. september 2018. <https://www.nytimes.com/2017/10/05/us/harvey-weinstein-harassment-allegations.html>
- Klastrup, Lisbeth, og Susana Tosca. 2014. „Game of Thrones: Transmedial Worlds, Fandom, and Social Gaming.“ Í *Storyworlds across Media: Toward a Media-Conscious Narratology*. Ritstjórar Marei-Laure Ryan og Jan-Noël Thon, 295–314. Lincoln: University of Nebraska Press.
- Koch, Lars. 2018. „‘Power resides where men believe it resides’ Die brüchige Welt von *Game of Thrones*.“ Í *Von Game of Thrones bis House of Cards. Politische Perspektiven in Fernsehserien*. Ritstjóri Anja Besand, 129–152. Dresden: Springer.
- Larrington, Carolyne. 2016. *Winter is Coming: The Medieval World of Game of Thrones*. London: I.B. Tauris & Co.
- Machiavelli, Niccolò. 1987. *Furstinn*. Ásgrímur Albertsson þýddi. Reykjavík: Mál og menning.
- Michael Nordine. 2017. „‘Game of Thrones’ Rarely Passes the Bechdel Test, and it Still Has a Rape Problem – Study.“ *IndieWire*. 7. september. Sótt 2. september 2018.

<https://www.indiewire.com/2017/09/game-of-thrones-nude-sex-bechdel-test-1201873916/>

- Miller, Liz Shannon. 2017. „‘Game of Thrones’: Only 1 Out of 19 Directors Have Been Women – Why the Final Season Should Change That.“ *IndieWire*. 29. ágúst. Sótt 2. september 2018. <https://www.indiewire.com/2017/08/game-of-thrones-directors-women-michelle-maclaren-final-season-1201871136/>
- Nordine, Michael. 2017. „‘Game of Thrones’ Rarely Passes the Bechdel Test, and It Still Has a Rape Problem — Study.“ *IndieWire*. 7. september. Sótt 2. september 2018. <https://www.indiewire.com/2017/09/game-of-thrones-nude-sex-bechdel-test-1201873916/>
- Nye, Joseph S. 2004. *Soft Power: The Means To Success In World Politics*. New York: Public Affairs.
- ONTD. 2012. „A very long interview with George R.R. Martin.“ 8. október. Sótt 5. september 2018. <https://ohnotheydidnt.livejournal.com/72570529.html>
- Sastry, Keertana. 2014. „What’s With Brienne & Jaime’s Relationship On ‘The Game Of Thrones’? Assessing Her Love for The Kingslayer.“ *Bustle*. 5. maí. Sótt 5. september 2018. <https://www.bustle.com/articles/23296-whats-with-brienne-jaimes-relationship-on-game-of-thrones-assessing-her-love-for-the-kingslayer>
- Sajej, Nadja. 2017. „Alyssa Milano on the #MeToo movement: ‘We’re not going to stand for it any more’“ *The Guardian*. 1. desember. Sótt 8. september 2018. <https://www.theguardian.com/culture/2017/dec/01/alyssa-milano-mee-too-sexual-harassment-abuse>
- Schulzke, Marcus. 2012. „Playing the Game of Thrones: Some Lessons from Machiavelli.“ Í *Game of Thrones and Philosophy: Logic Cuts Deeper Than Swords*. Ritstjóri Henry Jacoby, 33–48. New Jersey: John Wiley & Sons.
- Spector, Caroline. 2012. „Power and Feminism in Westeros.“ Í *Beyond the Wall. Exploring George R.R. Martin’s A Song of Ice and Fire*. Ritstjóri James Lowder, 169–188. Dallas: Benbella Books, Inc.
- Tosca Susana og Lisbeth Klastrup. 2016. „The expert female fan recap on YouTube.“ Í *Women of Ice and Fire. Gender, Game of Thrones and Multiple Media Engagements*. Ritstjórar Anne Gjelsvik og Rikke Schubart, 219–242. New York, London: Bloomsbury.

- University of Hertfordshire*. 2017. „Winter is coming ..... Game of Thrones conference arrives in the UK.“ Sótt 10. júlí 2018. <https://www.herts.ac.uk/about-us/news/2017/august/game-of-thrones-conference>
- Wigler, Josh. 2016. „‘Game of Thrones’: The Top 30 Characters, Ranked.“ *The Hollywood Reporter*. 20. desember. Sótt 14. júlí 2018. <https://www.hollywoodreporter.com/live-feed/game-thrones-top-30-characters-ranked-957542>
- Þorgerður Einarsdóttir. 2004. „Hið vísindalega er pólitískt. Femínismi sem fræðikenning andófs og breytinga.“ *Íslensk félagsfræði*. 209–234.
- Þorgerður Þorvaldsdóttir. 2000. „Er í alvöru til eitthvað sem heitir eðli, hjá mannfólki og sem munur á milli kynjanna?“ *Vísindavefurinn*. 3. nóvember. Sótt 10. september 2018. <http://visindavefur.is/svar.php?id=1084>.